

Reykjavíkurborg  
Haraldur Sigurðsson,  
skipulagsfræðingur  
Skúlatúni 2  
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. ágúst 2008  
Tilvísun: UST20080700062/ksj

## Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024. Sundahöfn – Skarfabakki.

Vísað er til erindis Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar er barst þann 8. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024. Sundahöfn – Skarfabakki.

Ofangreind breytingartillaga felur í sér 9 ha uppfyllingu í skilgreinda innri höfn í Vatnagörðum í Sundahöfn og lengingu Skarfabakka í suður að Kleppsbakka. Einnig felur breytingin í sér að hafnargarður innan þessa svæðis, Ábóti verði fjarlægður, en nýr hafnargarður utar í sundinu Skarfagarður, hefur tekið við hlutverki hans sem ölduvörn fyrir ytri hluta Sundahafnar.


Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við breytingartillöguna.


### Fyllingarefni

Í umhverfisskýrslu kemur fram að gróft áætlað þurfi um 1,5 milljónir rúmmetra af efni til að fylla upp í Vatnagarða út að bakkalínu Skarfabakka. Einnig kemur fram að talsvert af dýpkunarefni fari inn á fyllingarsvæðið í neðsta hluta fyllingarinnar. Í umhverfisskýrslunni segir að: „*Búið er að dýpka mestan hluta hafnarsvæðisins í Sundahöfn á undanförunum árum og núverandi botn þar inni heldur því lítið af mengunarefnum.*“ Til að uppfylla 9 gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 þarf að mati Umhverfisstofnunar að sýna fram á að dýpkunarefnið sé ómengað. Stofnunin telur að hætta sé á að mengunarefni úr sjávarseti geti fylgt með dýpkunarefni er fer inn á neðsta hluta fyllingarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 9 gr. ofangreindra laga flokkast notkun dýpkunarefnis í framangreindum tilgangi sem varp í hafið og ber að leita leyfis Umhverfisstofnunar. Í umhverfisskýrslunni kemur einnig fram að allt tiltækt efni úr efnisskiptum vegna framkvæmda á höfuðborgarsvæði verður nýtt í fyllinguna m.a. 300 – 400 þúsund m<sup>3</sup> úr grunni tónlistarhúss. Ef notað efni af landi fer í landfyllingu þarf til þess starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umhverfisstofnun telur að sýna þurfi fram á að hið mikla magn efnis sem kemur úr grunni tónlistarhúss sé ómengað. Einnig þarf að koma fram hvaðan annað efni kemur sem fæst vegna efnisskipta vegna framkvæmda á

höfuðborgarsvæðinu og sýna að það sé laust við mengandi efni áður en efninu er varpað í hafið. Umhverfisstofnun bendir á að ef í notuðu efni af landi finnst mengaður jarðvegur fellur slíkt undir lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun